

Föstudaginn 17. maí 1935.

Nr. 183/1934. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Bjarni P. Johnson)

gegn

Sveini Óskari Ólafssyni

(Lárus Jóhannesson).

Brot gegn 205. gr. alm. hegningarlaga.

Dómur aukaréttar Vestmannaeyja 2. febr. 1934: Ákærður, Sveinn Óskar Ólafsson, sæti fangelsi við venjulegt fangaviðurværi í 20 daga og greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Fullnustu fangelsisrefsingarinnar skal fresta og hún falla niður að fimm árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39 16. nóvember 1907 eru haldin.

Ákærður greiði þrotabúi Símonar Guðmundssonar kr. 105.00 innan fimmtán sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Refsing ákærða fyrir áverka þann, er hann veitti Björgvin Vilhjálmsyni, þykir hæfilega ákveðin 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og refsing hans fyrir ölvun á almannafæri og brot á lögreglusamþykkt Vestmannaeyja 50 króna sekt í ríkissjóð, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa. Með þessum breytingum þykir mega staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Eftir þessum málsúrslitum verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakar-

innar, þar á meðal málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 80 kr. til hvors.

Í héraði virðist hafa orðið óþarfa dráttur á máli þessu, sem sýnist hefði verið unnt að lúka þegar fyrir vetrar vertíðarlok 1933. Fyrir hæstarétti stafar dráttur sá, er á málinu hefir orðið, af veikindum hins skipaða verjanda ákærða.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo að ákærði, Sveinn Óskar Ólafsson, sæti 10 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi, og sekt sú, er honum ber að greiða í ríkissjóð, verði 50 krónur, og komi 5 daga einfalt fangelsi í stað hennar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Bjarna Þ. Johnson og Lárusar Jóhannessonar, 80 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað af hálfu réttvísinnar og valdstjórnarinnar gegn Sveini Óskari Ólafssyni, sjómanni, til heimilis Butru, Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu fyrir brot gegn 18. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869, gegn áfengislögunum nr. 64 19. maí 1930 og gegn lögreglusamþykkt Vestmannaeyjakaupstaðar frá 31. marz 1928.

Málavextir eru, eftir því, sem upplýst er í málinu, sem hér segir:

Þann 17. apríl s. l. (2. páskadag) skoðaði héraðslæknirinn hér í Vestmannaeyjum Björgvin Vilhjálmsson, formann, til heimilis Heimagötu 39 (Bólstaðarhlíð) hér í bænum, sem þá lá rúmfastur og gaf hann út, að skoðun lokinni, svohljóðandi vottorð, sem lagt hefir verið fram í málinu:

„Við skoðun, sem fram fór kl. 6½ e. m. í dag, komu eftirgreindir áverkar í ljós:

Yfir hægri augabrún er 5-eyringsstór marblettur, með 2 cm. sári í miðju, ekki gapandi. Á hægri kinnbeini er 2-króna stór húðskráma, um 3 cm. upp og niður. Milli augnabrúna, yfir nefrót er húðskráma um 3 cm. upp og niður. Fyrir neðan miðsnesi er 3. cm. húðskráma og enn fremur er hægri nefvængur með húðskrámu og marblett. Á höku er húðskráma á stærð við krónu-pening. Annars engir áverkar sýnilegir.

Þetta vottast hérmeð.

Ól. Ó. Lárusson

héraðslæknir, Vestmannaeyjum.

Nefndur Björgvin Vilhjálmsson hefir borið það í málinu, að hann hafi hlotið meiðsli þessi aðfaranótt þess 16. apríl s. l. (páskadags), en kveðst hafa verið mjög mikil ölvæður þá um kvöldið og nóttina og kveðst því ekkert muna um hvernig hann hafi hlotið meiðsli þessi, hvorki er hann var yfirheyrður um þetta af dómaranum utan réttar á meðan hann lá rúmfastur eftir meiðslin, né heldur er hann var yfirheyrður síðar í rétti, en kvað sér hafa verið sagt á páskadagsmorgun þann 16. apríl s. l., er hann vaknaði, þannig meiddur, að hann hafi hlotið meiðslin af völdum ákærða þá um nóttina og kveður hann fót þau, er hann var í um nóttina, hafa verið talsvert blóðug um morguninn og hafi því sýnilega blætt talsvert úr honum vegna meiðslanna.

Með vitnaleiðslum í málinu er upplýst sem hér segir:

Vitnið Magnús Björgvin Guðjónsson hefir borið það, að hann hafi, kl. að ganga eitt fyrrnefnda nótt, verið á gangi eftir Vestmannabrautinni hér í bænum og er þeir komu á móts við „Kaupfélag Verkamanna“ kveður vitnið hafa

staðið þar nokkra menn, sem hann kveður hafa verið eitt-hvað að tala um „að gefa á kjaftinn“, en vitnið heyrði þá ekki nefna neinn sérstakan mann og kveður vitnið Björgvin þá hafa gengið í áttina til manna þessara og sagt: „Hver var að tala um að gefa á kjaftinn?“ og hafi þá einhver manna þeirra, sem stóðu þarna og sem vitnið þekkti ekki, slegið Björgvin í andlitið og kveður vitnið annan mann, sem vitnið þekkti heldur ekki, hafa ráðizt að sér, án þess þó að berja hann og kveðst vitnið hafa átt í stypingum við hann um stund, en einhver reyndi að stilla mann þenna og losnaði mættur þannig við hann, en er vitnið losnaði úr stypingum þessum, kveður það Björgvin hafa legið á gangstéttinni, næstum meðvit-undarlausan („ekki algerlega meðvitundarlausan“) og máttlitinn og blæddi mikið úr andliti hans og fór vitnið þá með Björgvin og settist hjá honum á tröppur þar skammt frá og kveðst vitnið hafa þurkað blóð úr andliti Björgvins með frakka sínum og kveður frakkann hafa orðið mikið blóðugan við það og kveður fót Björgvins hafa orðið mikið blóðug við það, að blæddi niður um hann. Vitnið kveður Björgvin hafa getað gengið heim, en kveður hann hafa verið máttlitinn.

Vitnið Oddur Sigurðsson kveðst hafa gengið út á Vest-mannabrautina á móts við verzlunarbúð „Kaupfélags Verkamanna“, framangreinda nótt um kl. 12½ e. m. og kveðst þá hafa séð að nefndur B. V. stóð þar mikið drukk-inn, að því, er vitninu virtist og kveðst vitnið þá hafa séð ákærðan, sem einnig var þar, slá Björgvin með báð-um hnefum, sitt höggið á hvorn vanga og slá hann enn í andlitið og sparka um leið fyrir bringsmalir honum og kveður Björgvin hafa fallið við það og kveður vitnið fyrr-nefndan Magnús Björgvin Guðjónsson einnig hafa verið þarna og kveður hann hafa ætlað að hjálpa Björgvin Vil-hjálmssyni, en kveður Sigurð Sigurjónsson, sjómann, þá hafa ráðist að Magnúsi og hrint honum frá og kveður vitnið Magnús þenna því næst hafa farið burtu með Björgvin eftir að ákærður hafði slegið hann niður. Vitnið kveður Björgvin ekkert hafa varið sig fyrir árásum ákærðs og kveðst hann hafa séð, að blæddi mikið úr andliti Björgvins, er Magnús reisti hann upp úr göt-unni.

Vitnið kveðst auk þess hafa séð ákærðan sparka í klofið á manni nokkrum, sem Jóhann heitir og berja og sparka í mann að nafni Eiríkur, sem vitnið vissi ekki frekar deili á og elt hann á eftir. Vitnið kveður ákærðan hafa verið ölvaðan við umrætt tækifæri.

Vitni þetta hefir staðfest framangreindan framburð sinn með eiði sínum.

Vitnið Jóhann Þorgeir Clausen, kveðst hafa verið á gangi á Vestmannabrautinni kl. að ganga eitt umrædda nótt og er hann kom á móts við hús það, er „Kaupfélag Verkamanna“ verzlur í, kveðst hann hafa séð fyrrnefndan Björgvin Vilhjálmsson liggja þar á gangstéttinni og kveðst vitnið hafa heyrt einhvern þar segja að hann hefði verið sleginn niður og kveðst vitnið hafa gefið sig á tal við fyrrnefndan Magnús Björgvin Guðjónsson, en kveður ákærðan þá hafa ráðið á sig (vitnið) og sparkaði ákærður milli fóta vitninu svo hann (vitnið) varð slappur af því um stund. Ennfremur kveðst vitni þetta hafa séð ákærðan ráðast á mann að nafni Eiríkur, og berja hann og klóra hann án þess þó að sæi á honum og sparka í hann, en hinn hörfaði undan og forðaðist að lenda í slagsmálum við ákærðan, en tók þó einu sinni á móti honum og sneri hann (ákærðan) niður á höfuðtaki.

Vitni þetta kveður ákærðan hafa verið mikið ölvaðan við umrætt tækifæri.

Vitnið Guðmundur Ketilsson kveðst hafa hitt fyrrnefndan Björgvin Vilhjálmsson framangreinda nótt kl. 12—1 á Vestmannabrautinni hér í bænum, ásamt vélstjóranum á vélbát þeim, sem Björgvin var á, (Magnús Björgvin Guðjónsson) og hafi Björgvin verið mjög mikið ölvaður og kveðst vitnið hafa gengið með þeim austur eftir Vestmannabrautinni og er þeir komu á móts við verzlunarhús „Kaupfélags Verkamanna“ kveðst hann hafa séð nokkra menn standa þar og heyrst þeir vera eitthvað að tala um slagsmál og kveður Björgvin þá hafa gengið eitthvað í áttina til þeirra og kvað vitnið mann að nafni Óskar, en sem vitnið vissi ekki frekari deili á, (en sem virðist augljóst eftir því, sem upplýst er í málinu, að hafi verið ákærður), hafa slegið Björgvin tvisvar í andlitið og hafi Björgvin fallið við síðara höggið, en vitni þetta kveðst ekki hafa séð ákærðan sparka í Björg-

vin, en kveðst hafa séð hann sparka í mann, sem vann á apótekinu (Jóhann P. Clausen). Vitninu virtist ákærður vera ölvaður við umrætt tækifæri.

Vitni þetta færðist undan því að staðfesta framburð sinn með eiði sínum er rannsókn máls þessa var lokið vegna þess, að hann kveðst ekki muna greinilega hvað gerðist við umrætt tækifæri, en staðhæfði að hann hefði, er hann var fyrst yfirh. í máli þessu, borið það eitt, er hann vissi rétt vera og er hann hafði séð og heyrt.

Vitni Steindór Guðmundsson kveðst hafa staðið ásamt nefndum Sigurði Sigurjónssyni og einum manni, sem vitnið þekkti ekki og kveður vitnið Björgvin Vilhjálmsson hafa komið þar að mikið ölvaðan og spurt hver vildi slást við sig og hafi ákærður þá þegar slegið Björgvin í höfuðið svo Björgvin féll við, en kveðst ekki hafa séð ákærðan berja Björgvin nema eitt högg.

Fyrirnefndur Sigurður Sigurjónsson hefir borið það í málinu, að hann hafi verið með ákærðum á umræddum tíma og kveður ákærðan hafa verið talsvert drukkinn og kveðst hafa séð ákærðan berja Björgvin Vilhjálmsson svo hann fell til jarðar, en kveðst ekki hafa séð ákærðan berja hann (B. V.) nema eitt högg og ekki séð hann sparka í hann. Hann kveður Björgvin Vilhjálmsson hafa komið til sín áður en ákærður sló hann og spurt hann hverjir ætluðu að fara að slást þarna og kveðst hann hafa ýtt Björgvin frá sér, en ekki barið hann. Hann hefir og kannast við að hafa tekið í Magnús Björgvin Guðjónsson og hrint honum, en kveðst ekki hafa gert það neitt vegna viðureignar ákærðs við Björgvin Vilhjálmsson og kveðst ekki hafa vitað eða orðið var við að Magnús ætlaði að hjálpa Björgvin.

Eftir því, sem upplýst er í málinu, þótti ekki ástæða til að höfða sakamál gegn nefndum Sigurði Sigurjónssyni vegna hlutdeildar í meiðslum þeim, er Björgvin Vilhjálmsson hlaut við umrætt tækifæri, en hann var undir rekstri málsins sektaður fyrir brot gegn lögreglusamþykktinni og ölvun.

Vitnin Magnús Björgvin Guðjónsson, Jóhann Þorgeir Clausen og Steindór Guðmundsson hafa eigi verið eiðfest vegna fjarvistar, er rannsókn málsins var lokið og þótti eftir atvikum ekki nauðsynlegt, (sbr. framburð ákærðs)

að senda málið þangað, sem vitni þessi dvöldu, til þess, að þau yrðu eiðfest.

Ákærður kveðst hafa drukkið áfengi, aðallega brennslu-spiritus, með fyrrnefndum Sigurði Sigurjónssyni, umrætt kvöld (laugardagskvöldið) þann 15. apríl s. l. og kveðst ákærður hafa gengið út með honum seint um kvöldið og gengið með honum og öðrum manni um götur bæjarins og kveðst hann muna eptir að hann lenti í einhverjum ryskingum þá um kvöldið eða nóttina á Vestmannabraut-inni, en hefir haldið fram að hann muni ekki vegna ölv-unar hverskonar ryskingar það voru, sem hann lenti í, eða hvort hann barði Björgvin Vilhjálmsson eða yfirleitt hvað gerðist við umrætt tækifæri, vegna þess, að hann hafi verið mjög mikið ölvaður, en hefir ekki neitað því, að verið geti að hann hafi barið Björgvin og kveður vel mega vera að framburður framangreindra vitna í málinu séu réttir.

Með framangreindum vitnaframburðum verður réttur-inn að telja nægjanlega sannað, að ákærður hafi barið fyrrnefndan Björgvin Vilhjálmsson á höfuðið svo hann féll við og sparkað í hann og að blæddi mikið úr and-liti Björgvins eftir barsmiðar þessar og verður rétturinn eftir öllum atvikum að telja nægilega sannað í málinu að B. V. hafi hlotið áverka þá, sem lýst er í hinu framlagða læknisvottorði, af völdum ákærða við umrætt tækifæri. Einnig verður að álitu réttarins að telja nægilega sannað í málinu að ákærður hafi ráðizt á Jóhann Þorgeir Clau-sen og sparkað í hann við umrætt tækifæri og að hann hafi ráðizt með barsmiðum að öðrum manni, sem þarna var viðstaddur .

Ákærður er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 26. marz 1913. Hann hefir ekki áður sætt refsingu fyrir nokkurt lagabrot.

Með framangreindu framferði sínu hefir ákærður að álitu réttarins brotið gegn 205. gr. hinna almennu heg-ningarlaga, gegn 16. gr. áfengislaganna nr. 64 19. maí 1930 og gegn 4. grein lögreglusamþykktar fyrir Vestmanna-eyjakaupstað frá 31. marz 1928.

Hinn skipaði talsmaður ákærðs hefir fært það fram, ákærðum til varnar í málinu, að ákærður hafi verið al-gerlega „frávita“ og ekki haft neina stjórn á athöfnum

sínum vegna ölvunar, er hann framdi framangreindan verknað og ennfremur, að Björgvin Vilhjálmsson hafi með framkomu sinni haft æsandi áhrif á ákærðan.

Eftir því, sem upplýst er í málinu og að framan greinir, hefir verið um hreina árás að ræða af hálfu ákærða á Björgvin Vilhjálmsson og getur það ekki á neinn hátt réttlætt árás þessa þó Björgvin hafi eitthvað farið að tala um slagsmál við ákærðan eða þá, sem hjá honum voru, eða jafnvel spurt hver vildi slást við sig, eins og eitt vitni hefir borið í málinu að Björgvin hafi gert.

Að því, er ölvun ákærðs snertir, þá hefir fyrrnefndur Sigurður Óli Sigurjónsson borið það í málinu, að hann hafi, ásamt ákærðum, drukkið um hálfflösku af brennsluspiritus og eina flösku, eða hátt í henni, af portvíni umrætt kvöld eftir kl. 9 og kveður hann Óskar hafa verið töluvert drukkinn og meira drukkinn en Sigurður Óli sjálfur, sem kveðst hafa drukkið minna af áfengi þessu en ákærður og kveðst aðeins hafa fundið á sér áhrif áfengis, en ekki verulega. Eitt vitni hefir borið það í málinu, að ákærður hafi verið mjög mikið drukkinn við umrætt tækifæri, en önnur vitni hafa borið það, að hann hafi verið ölvaður án þess að geta tilgreint nánar hversu mikil brögð voru að því, en ákærður hefir sjálfur, eins og að framan greinir, haldið því fram, að hann hafi ekki mun að neitt á eftir hvað gerðist við umrætt tækifæri og þar eð ákærður hefir ekki neitað að framburður vitna þeirra, er leidd hafa verið í málinu, væri réttur, eða að hann hafi gert sig sekan um framangreint framferði, verður dómarrinn að telja sennilegt að staðhæfing ákærðs um að hann myndi ekki hvað gerðist við umrætt tækifæri, sé réttur og þykir eftir atvikum verða að taka þann framburð ákærða trúanlegan. En þrátt fyrir það getur ákærður hafa verið ljóst að einhverju leyti eða öllu, hvað hann gerði við umrætt tækifæri, er hann var að fremja verknaðinn og virðast orð þau, er vitnið Jóhann Þorgeir Clausen hefir borið, að ákærður hafi viðhaft við hann (vitnið) eftir að ákærður hafði sparkað milli fóta hans, þ. e. að nú væri hann (þ. e. ákærður) búinn að „ganga frá“ vitninu, benda til þess, að ákærðum hafi verið ljóst hvað hann gerði við umrætt tækifæri, en annað hefir ekki komið fram í málinu, er gefi upplýsingar um þetta atriði. En

þrátt fyrir það, þó telja verði sannað að ákærður hafi verið svo mikið ölvaður við umrætt tækifæri, að hann mundi ekki á eftir hvað gerðist, verður þó að dæma hann til hegningar fyrir framangreint framferði hans, þó jafnvel megi ætla að honum hafi ekki verið fyllilega ljóst hvað hann gerði, en umrædd ölvun ákærðs verður þá að teljast honum til málsbóta að því, er snertir framangreint brot hans gegn 205. gr. hinna alm. hegningarlaga.

Refsing sú, er ákærður hefir unnið til fyrir framangreint brot gegn hegningarlögunum, þykir að áliti réttarins hæfilega ákveðin 20 daga fangelsi við venjulegt fangaviðurværi. En auk þess ber að dæma ákærðan sérstaklega til að greiða sekt fyrir brot sitt gegn lögreglusamþykktinni, sem auk árásarinnar á Björgvin Vilhjálms-son var fölginn í líkamlegum árásum á aðra menn (án þess að um áverka væri að ræða) og öðru ofsalegu háttalagi og fyrir brot hans gegn áfengislögunum og þykir refsing sú, er hann hefir unnið til fyrir þau brot, hæfilega ákveðin 100 króna sekt til ríkissjóðs og komi 10 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 30 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa.

Fullnustu framangreindrar fangelsishegningar þykir mega fresta og hún falla niður að fimm árum liðnum frá uppkvaðningu dóms þessa, ef skilorð laga nr. 39, 16. nóvember 1907, eru haldin.

Simon Guðmundsson, útgerðarmaður, Vesturveg 25 hér í bænum, hefir krafizt þess, að ákærður verði dæmdur til þess að greiða honum kr. 105.00 í skaðabætur fyrir læknishjálp, sem hann greiddi fyrir Björgvin Vilhjálms-son, vegna framangreindra áverka (kr. 5.00) og vegna þess, að hann varð að greiða manni kr. 100,00 fyrir að vera formaður á vélbát hans í stað Björgvins, — sem annars var formaður á bátnum, — í fjóra daga, sem farið var í fiskiróðra á meðan Björgvin var frá vinnu vegna umræddra áverka og hefir ákærður samþykkt þessa kröfu Simonar. En í vörn sinni í málinu hefir hinn skipaði talsmaður ákærðs krafizt þess, að ákærður verði ekki dæmdur til þess að greiða umrædda skaðabótakröfu vegna þess að Simon Guðmundsson sé nú orðinn gjaldþrota og hann því ekki lengur eigandi umræddrar kröfu, heldur þrotabúi hans.

Eins og alkunnugt má telja, þar eð það hefir verið auglýst í Lögbirtingablaðinu, hefir nefndur Símon Guðmundsson framselt bú sitt til gjaldþrotaskipta, en þrotabú hans kemur að öllu leyti í hans stað að því, er snertir fjárkröfur á hendur öðrum mönnum og verður ákærður því dæmdur til þess að greiða þrotabúi Símonar framangreinda skaðabótarkröfu, sem hann hefir samþykkt.

Loks greiði ákærður allan kostnað sakarinnar.

Á máli þessu hefir enginn óþarfur dráttur orðið, en fyrir drætti þeim, sem varð á málshöfðuninni, er gerð grein í prófum málsins.

Föstudaginn 17. maí 1935.

Nr. 22/1935. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)

gegn

Þorbergi Sigurdór Magnússyni

(Jón Ásbjörnsson)

og

Guðmundi Ögmundssyni

(Lárus Fjeldsted)

Bifreiðarlagabrot.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 10. jan. 1935: Kærður Þorbergur Sigurdór Magnússon greiði 50 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa. Kærður Guðmundur Ögmundsson greiði 30 krónur í sekt til ríkissjóðs og komi einfalt fangelsi í 2 daga í stað sektarinnar verði hún ekki greidd innan 30 daga frá lögbirtingu dóms þessa.

Hinir kærðu greiði annar fyrir báða og báðir fyrir annan allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Brot kærða Þorbergs Magnússonar varða við 3. málsg. 31. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og